



Sýslumaðurinn á Suðurlandi
bt. Egill Benediktsson
Hörðuvöllum 1
800 Selfoss

3. apríl 2019
1904007 HBH

Efni: Hólakraun 11. Umsögn neikvæð vegna rekstrarleyfis

Umsögn vegna rekstrarleyfis

Efni: Beiðni um umsögn barst frá Sýslumanninum á Suðurlandi þ. 29.3.2019 sl. vegna umsóknar Jóhönnu Ingu Hjartardóttur fyrir hönd Skattalausna ehf, kt. 510315-1970 um rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, tegund "G" í sumarhúsi félagsins að Hólakrauni 11, Rangárþingi ytra.

Umsögn byggingarfulltrúa:

Ekki er hægt að gefa jákvæða umsögn þar sem óheimilt er að starfrækja gistirekstur innan skipulagðra frístundasvæða í sveitarfélaginu.

Samkvæmt skilmálum í aðalskipulagi Rangárþings ytra 2010-2022 er rekstartengd ferðapjónusta eingöngu heimil á skilgreindum verslunar- og þjónustusvæðum og jafnframt sem aukastarfsemi á bújörðum á landbúnaðarsvæðum.

Í framhaldi skal á það bent að í drögum að nýju aðalskipulagi sveitarfélagsins, sem er í ferli samþykktar hjá Skipulagsstofnun, er gert ráð fyrir minni háttar starfsemi á frístundasvæðum, en svo segir í drögum að greinargerð undir liðnum „Frístundabyggð“:

„Innan frístundabyggðar er heimilt að vera með þjónustumiðstöðvar, smáverslanir og aðra starfsemi sem þjónar viðkomandi svæði. Heimilt er að vera með gistingu í flokki I og II skv. reglugerð hafi starfsemin tilskilin leyfi og lóðarhafar á frístundasvæðinu leggist ekki gegn starfseminni. Slík starfsemi skal vera í samræmi við reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, með

síðari breytingum. Gera skal grein fyrir mögulegri atvinnustarfsemi í deiliskipulagi svæðis“.

Jafnframt segir í sama kafla:

„Lögð er áhersla á að á frístundasvæðum sé starfandi félag frístundahúsaeigenda. Gert er ráð fyrir slíkum félögum sbr. 17. gr. laga um frístundabyggð og leigu lóða undir frístundahús nr. 75/2008. Slík félög skulu m.a. meta heimildir og skyldur varðandi byggðina s.s. atvinnurekstur. Slíkur rekstur skal þó ávallt fylgja þeim lögum og reglum sem við á hverju sinni“.

Af þessum sökum getur byggingarfulltrúi ekki gefið jákvæða umsögn um gistirekstur innan frístundasvæða í Rangárþingi ytra fyrr en að loknu samþykktarferli aðalskipulagsins. Áréttað er að hér er um drög að ræða og orðalag og skilmálar geta breyst við áframhaldandi meðferð.

Virðingarfyllst,



Haraldur Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingarfulltrúi